

ingu, sem áfrýjandinn hefir haldið fram, leiða, að engin lagaákvörðun væri til um laun allra sýslumanna og bæjarfógeta, er ekki hefðu þjónað neinu embætti á þessu 5 ára tímabili, en fengið embætti áður en launalögin náðu gildi.

Af því, sem þegar er sagt, virðist eðlilega að leiða, að hinum stefnda beri í laun jafn mikið og meðaltalið af tekjum Húnavatnssýslu var á 5 ára bilinu 1871—75, það er 4,644 kr. 8 a., eða 3500 kr. samkvæmt 4. gr. launalaganna 14. desbr. 1877 og 1144 kr. 8. a. samkvæmt 7. gr. sömu laga og 7. gr. alm. launalaga 15. októbermán. 1875 sem viðbót fyrir sjálfan hann, og ber því í þessu máli að dæma honum þann hluta þessara 1144 kr. 8. sem fallinn var í gjalddaga 25. maímán. 1880 eða 476 kr. 70 a. ásamt 5 % ársvöxtum frá nýnefndum degi þangað til greitt er.

Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum stefnda, sýslumanni Lárusi Þ. Blöndal, ber að fá greitt úr landssjóði 476 kr. 70 a. og 5 % árlega vexi af þessari upphæð frá 25. degi maímán. 1880 þangað til fé þessu er lokið.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 14. febrúarmán.

Nr. 57/1880

Hið opinbera
gegn

Símoni S. Alexíussyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðar kaupstaðar, sem kveðinn var upp 1. dag. nóvembermán. f. á, var Símon S. Alexíusson verzlunarstjóri dæmdur í 10 kr. sekt til fátækra sjóðs nefnds kaupstaðar fyrir að hafa hlaðið að nýju

vegg undir bræðslukofa einn, er verzlun sú, sem hann veitir forstöðu, á á lóð Ísafjarðar kaupstaðar, án þess að leita til þess leyfis byggingarnefndarinnar þar; svo er hann og dæmdur til að rífa grjótvegg þenna að viðlagðri tveggja króna daglegri sekt og að greiða málskostnað allan. Þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða verið skotið til yfir-dómsins.

Hinn kærði hefir kannast við, að hann hafi rífið vegg úr grjóti og torfi undan um getnum bræðslukofa og látið hlaða grjótvegg í staðinn, en ekki skýrt byggingarnefnd kaupstaðarins frá eða leitað leyfis hennar til þess. Í 4. gr. opins bréfs um byggingarnefnd á Ísafirði, dags. 26. janúarmán., D, er mælt svo fyrir, að sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, skuli, áður en hann byrjar á því, gefa byggingarnefndinni það til vitundar o. s. frv. Ákvörðun þessi er svo yfirgripsmikill, að hún einnig virðist að ná til breytingar þeirrar, eða umbótar, sem hinn kærði hefir gjört á oft nefndu bræðsluhúsi, og getur hann því ekki komizt hjá að sæta sekt samkvæmt nefndum lagastað (E), og þykir hún eftir málavöxtum hæfilega metin af undirdómaranum 10 kr.

Að því á hinn bóginn snertir þá ákvörðun hins áfrýjanda dóms, að hinn kærði skuli rífa hinn nýja grjótvegg, þá virðist eftir atvikum ekki ástæða til að gjöra honum þetta að skyldu, því það er ekkert fram komið í málinu, er bendi til, því síður sanni, að veggurinn sé þannig gjörður, að byggingarnefndin mundi hafa viljað láta gjöra hann eftir öðrum reglum, ef hennar hefði verið leitað áður en hann var byggður upp. Ber því að þessu leyti að sýkna hinn kærða. Um málskostnað í héraði skal undirdómnum eftir málavöxtum óraskað. Hinum kærða

ber einnig eftir atvikum að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vita- laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, verzlunarstjóri Símon S. Alexíusson, á að greiða 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaup- staðar, en að öðru leyti að vera sykn af kærnum hins opinbera í þessu máli. Að því málskostnað fyrir undirdómi snertir, á hinn áfrýjaði dómur óraskaður að standa. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þ. Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

Nr. 40/1880

Páll Eyólfsson
gegn

Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykja- vikur kaupstaðar 10. dag júnímán. f. á., var gestgjafi Páll Eyólfsson dæmdur fyrir meiðandi áburð á Þorstein lög- regluþjón Jónsson í bréfi til landshöfðingjans yfir Íslandi, í 30 króna sekt til landssjóðs eða til einfalds fangelsis í